

Skrifstofa skattamála  
Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Lindargata 7,  
101 Reykjavík

Egilsstöðum, 10. nóvember 2021

## **Efni: Umsögn um drög að reglugerð um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi**

Skógræktin starfar eftir lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Samkvæmt 1. gr. þeirra laga er markmið laganna:

- a. að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra,
- b. að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni,
- c. ræktun nýrra skóga til að byggja upp fjölbreytta skógarauðlind til sjálfbærra nytja,
- d. að nýting skóga sé sjálfbær þannig að skógarnytjar skili sem mestum hagrænum, félagslegum og umhverfislegum ávinningi fyrir samfélagið,
- e. að skógrækt verði í samræmi við skipulagsáætlanir og náttúruvernd,
- f. að auðvelda aðgengi fólks að skógum til útivistar og auka þekkingu fólks á málefnum skóga og skógræktar,
- g. að stuðla að kolefnisbindingu með ræktun skóga og aðlögun þeirra að loftslagsbreytingum,
- h. að skógrækt stuðli að verndun jarðvegs og dragi úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvár.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2019033.html>

Vísað er til draga að reglugerð um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi (drögin) og ákvæða 2. mgr. 16. greinar. Í 2. mgr. 16. gr. kemur eftirfarandi fram:

„Skilyrði fyrir frádrætti skv. b-lið 15. gr. er að þær aðgerðir lögaðila sem veitir viðtöku gjöfum og/eða framlögum stuðli að kolefnisjöfnun, sbr. 6. tölul. 3. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál. Hér undir fellur uppgræðsla auðna og illa farins gróðurlendis, sandgræðsla, endurheimt votlendis og landgæða og aðrar hliðstæðar aðgerðir, t.a.m. skógrækt þó ekki nytjaskógrækt í atvinnuskyni og bætt landnotkun. Jafnframt fellur hér undir niðurdæling koldíoxíðs í berggrunn til myndunar steinda, sbr. 24. mgr. 3. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og verkefni sem fela í sér föngun og förgun gróðurhúsalofttegunda, sbr. 4. tölul. 3. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál.“

Skógræktin álitur óeðlilegt að orða 2. mgr. 16. gr. með þessum hætti. Af orðalaginu má skilja, að skógrækt skuli verða sett skör neðar en aðrar mögulegar aðgerðir til kolefnisjöfnunar – neðar en „uppgræðsla auðna og illa farins gróðurlendis, sandgræðsla, endurheimt votlendis og landgæða“. Skógræktin telur enn fremur óeðlilegt að undanskilja sérstaklega s.k. „nytjaskógrækt í atvinnuskyni“ frá þeim

aðgerðum sem mögulega mæta skilyrðum um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi.

Rök fyrir því að slíkt orðalag sé óeðlilegt eru:

1. Hugtakið „nytjaskógrækt í atvinnuskyni“ er hvergi skilgreint í íslenskum lögum. Allir ræktaðir skógar geta orðið til beinna eða óbeinna nytja, hvort heldur þeir hafa verið ræktaðir markvisst til timburframleiðslu eða til framleiðslu annarra efnislegra verðmæta, til skjóls, til útivistar, til bættrar lýðheilsu o.s.frv. Ákvæði sem undanskilur „nytjaskógrækt“ er einungis til þess fallið að leiða til óvissu og geðþóttaákvæðana í stjórnsýslu skattamála.

2. Hafi höfundar þessara draga haft í huga, að að „nytjaskógur í atvinnuskyni“ sé skógur sem ræktaður sé til framleiðslu skógarafurða, leiðir af sjálfu sér að sá skógur er ræktaður með t.d. hraðvaxnari trjátegundum og betri umhirðu en skógur sé ekki er ætlaður til framleiðslu neinna afurða. Slíkur „nytjaskógur“ bindur um leið meira kolefni á ævilengd sinni og á skemmri tíma en „ónytjaskógur“. Kolefniseiningar eru mælikvarðinn á árangur, mældur í tonnum af ígildi koldíoxíðs (t CO<sub>2</sub>-e). Ákvæði um að undanskilja nytjaskógrækt sérstaklega frá skattfrádrætti leiðir því einungis til minni áhuga, minni árangurs og meiri kostnaðar við kolefnisjöfnun.

3. Skógrækt er komin lengra héraendis en aðrar mögulegar aðgerðir, með skráningu fyrstu kolefnisverkefnanna í Loftslagsskrá Íslands (e. International Carbon Registry). Loftslagsskrá Íslands var stofnuð 2020 í þeim tilgangi að skapa umgjörð fyrir kolefnisjöfnun fyrirtækja og stofnana hér á landi í takt við alþjóðlegar kröfur.

Skógræktin leggur því til að orðalag 2. mgr. 16. gr. verði:

„Skilyrði fyrir frádrætti skv. b-lið 15. gr. er að þær aðgerðir lögaðila sem veitir viðtöku gjöfum og/eða framlögum stuðli að kolefnisjöfnun, sbr. 6. tölul. 3. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál. Hér undir fellur **skógrækt**, uppgræðsla auðna og illa farins gróðurlendis, sandgræðsla, endurheimt votlendis og landgæða og aðrar hliðstæðar aðgerðir [~~t.a.m. skógrækt þó ekki nytjaskógrækt í atvinnuskyni~~] og bætt landnotkun. Jafnframt fellur hér undir niðurdæling koldíoxíðs í berggrunn til myndunar steinda, sbr. 24. mgr. 3. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og verkefni sem fela í sér föngun og förgun gróðurhúsalofttegunda, sbr. 4. tölul. 3. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál.“

Virðingarfyllst,  
F.h. Skógræktarinnar,



Aðalsteinn Sigurgeirsson,  
fagmálastjóri Skógræktarinnar